

Þekkingarsetur Vestmannaeyja

ÁRSSKÝRSLA 2009



Ársskýrsla 2009

Forsíðumynd:

Páll Marvin Jónsson

Aðrar myndir:

Páll Marvin Jónsson

Margrét Lilja Magnúsdóttir

Georg Skæringsson

Formáli

Formáli

Stjórn

Stofnaðilar

Stofnanir

Starfsfólk

Samstarfsvetvangur

Þjónustuskrfistofa

Sæheimar

Ráðstefnur og málþing

Verkefni

Handritin Heim

Ársreikningur

Lifandi humar tilbúinn til
útflutnings.



Pekkingarsetur Vestmannaeyja
Strandvegur 50
900 Vestmannaeyjum
www.setur.is



Formáli

Þekkingarsetur Vestmannaeyja hóf starfsemi 23. janúar 2010. Stofnun þess var liður í því að fá fleiri aðila að sarkseminni í Eyjum en fyrir stofnun Þekkingarsetursins byggði starfsemi Setursins í Eyjum fyrst og fremst á samningi milli Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæ. Allir helstu háskólar landsins og fjölmargir einkaaðilar úr atvinnulífi Eyjanna gerðust stofnaðilar að Þekkingarsetrinu. Samhliða stofnun Þekkingarsetursins var gerður þriggja ára samningur við Menntamálaráðuneytið sem tryggði ÞSV lágmark fjármagn til reksturs. Nú eru tvö ár liðin af þessum samningi og því mikilvægt að taka upp viðræður við Menntamálaráðuneytið um áframhaldandi samstarf um uppbyggingu fræða- og háskólastarfs í Vestmannaeyjum.

Þekkingarsetrið hefur alla möguleika að halda áfram að vaxa og dafna en til þess að það sé hægt þarf að bæta aðstöðu þess og klára að manna þær stöður sem eru lausar hjá stofnunum innan Þekkingarsetursins. Styrkur Þekkingarsetursins liggur í starfi þeirra stofnanna sem starfa innan Setursins og öflugum samstarfi þeirra á milli. Hugmyndir eru uppi um að flytja Þekkingarsetrið í Fiskiðjuna, fiskvinnsluhús sem er í eigu Vestmannaeyjabæjar. Um er að ræða 1000 m² sem eru á annari hæð hússins ásamt aðgengi og geymslum á jarðahæð. Húsnæðið er við hlið Miðstöðvarinnar þar sem bærinn hyggst byggja Sæheima, fiskasafn. Með því að flytja aðstöðuna yfir í Fiskiðjuna verður hægt að bæta alla rannsóknar- og kennsluáðstöðu ásamt því að hægt verður að bjóða upp á aðstöðu fyrir nemendur í tengslum við fjarnám og fullorðinsfræðslu. Nálægðin við Sæheima er einnig mikill kostur ásamt því að staðsetning hússins er mjög góð.

Mikilvægt er að stofnanir Þekkingarsetursins sjá þau tækifæri sem felast í því að taka þetta skref enda er aðstaðan að Strandvegi 50 þar sem Þekkingarsetrið er til húsa í dag farin að láta á sjá og orðin alltof lítil og þannig hefur aðstaðan haft hamlandi áhrif á starfsemina. Það er því ljóst að taka þarf næsta skref í uppbyggingunni og er undirritaður sannfærður um að með því að endurgera aðstöðuna í Fiskiðjunni mun Þekkingarsetrið eignast framtíðarhúsnæði sem verður starfinu til framdráttar og um leið skapa ný tækifæri fyrir íbúa samfélagsins til náms og vinnu.



*Páll Marvin Jónsson
framkvæmdastjóri*



Mynd 1. Fíllinn vestan við Kaplagjótu er eitt af skemmtilegri og best þekktu landsformum í Vestmanneyjum.



Mynd 2. Eldfell og Helgafell séð frá Heimakletti.

Stjórn

Stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja og formaður stjórnar var kosin á ársfundi þann 15. júní 2009. Stjórnin skipti með sér verkum á frysta stjórnarfundum og velur sér framkvæmdastjórn sem fer með daglegan rekstur í samstarfi með framkvæmdastjóra.

Formaður:

- Elliði Vignisson, bæjarstjóri
- Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar
- Sjöfn Sigurgísladóttir, forstjóri Matís ohf.
- Arnar Sigurmundsson, frkvstj., form. stjórnar Visku
- Rögnvaldur Ólafsson, forstm. Fræðasetra Háskóla Íslands
- Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, frkvstj. Vinnslust. hf.
- Ingi Sigurðsson, útibússtjóri Íslandsbanka í Vm.

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri mynda framkvæmdaráð:

- Elliði Vignisson
- Arnar Sigurmundsson
- Páll Marvín Jónsson



Mynd 3. Stuðlaberg við kaplagjótu.



Mynd 4. Urðaviti í nýjahrauninu. Vitan hefur þurft að færa tvisvar vegna strandrofs neðan við vitann.

Stofnaðilar

Að baki þekkingarsetri Vestmannaeyja standa alls 36 fyrirtæki og stofnanir sem eru skráðir stofnaðilar félagsins. Félagið er sjálfseignarfélag og er ekki rekið í hagnaðarskyni heldur er félaginu ætlað að efla og styrkja fræða- og háskólastarf í Vestmannaeyjum. Stofnfé félagsins er 7,7 milljónir. Hér að neðan eru stofnaðilar listaðir upp í stafrófsröð.

- Bergur ehf.
- Dala-Rafn ehf.
- Drífandi stéttarfélag
- Fjöltækniskóli Íslands
- Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum
- Glitnir - banki hf.
- Gæfa ehf.
- Hafrannsóknastofnunin
- Háskólinn á Akureyri
- Háskólinn á Bifröst
- Háskólinn á Hólum
- Háskólinn í Reykjavík
- Hitaveita Suðurnesja hf.
- HÍ stofnun fræðasetra
- Huginn ehf.
- Iðnaðarráðuneytið
- Ísfélag Vestmannaeyja hf.
- Kennaraháskóli Íslands
- Kæja ehf.
- LÍÚ
- Matís ohf.
- Náttúrustofa Suðurlands
- Nýsköpunarmiðstöð Íslands
- Ós ehf.
- Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja ehf.
- Reykjavíkur Akademían
- Samtök Sveitarfélaga á Suðurlandi SASS
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið
- Sparisjóður Vestmannaeyja
- Stígandi ehf.
- Tölvun ehf.
- Ufsaberg ehf.
- Vestmannaeyjabær
- Vinnslustöðin hf.
- Vinnumálastofnun
- Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð

Mynd 5. Marínó Sigursteinsson (Miðstöðin), Ragnar Jóhannesson (Matís), Sigmar Valur Hjartarson (Rannsóknþjónusta Vestm.) og Friðrik Björgvinsson (Tæknideild Vestmannaeyjabæjar) skoða aðstöðuna og sjóholur fyrir Sæheima, rannsóknarstöð.

Stofnanir

Eftirfarandi stofnanir starfa nú innan þekkingarseturs Vestmannaeyja:

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands
Hafrannsóknarstofnunin
Háskóli Íslands
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
Náttúrustofa Suðurlands
¹Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Rannsóknþjónusta Vestmannaeyja
Matís ohf.
Vinnumálastofnun
Viska
Surtseyjarstofa

¹Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur aðsetur utan þekkingarsetursins en tekur annars þátt í samstarfi stofnanna innan þekkingarsetursins. Forstöðumaður NMÍ í Vestmannaeyjum situr t.d. á fundum forstöðumanna.



Starfsfólk

Alls starfa átta starfsmenn hjá Þekkingarsetri Vestmannaeyja. Þrír eru fastráðnir og fimm starfa við verkefnatengda vinnu. Verkefnin eru ýmist til skemmri eða lengri tíma en flest spanna eitt til þrjú ár. Sumarstarfsmenn starfa gjarnan einnig við Setrið og tengjast þeir þá oft styttri verkefnum eða stærri verkefnum sem krejast feltninu yfir sumartímann.



Páll Marvin Jónsson
Framkvæmdastjórn



Margrét Hjálmarsdóttir
Þjónustuskrifstofa
Bókhald




Ester Garðarsdóttir
Þjónustuskrifstofa
Þjónustufulltrúi



Margrét Lilja Magnúsdóttir
Verkefnaráðinn




Hr. Georg Skæringsson
Umsjónarmaður- og
verkefnastjóri



Hr. Haraldur Halldórsson
Tæknivinna og aðstoð



Dr. Kári Bjarnason
Verkefnaráðinn



M.sci. Heather Philp
Verkefnaráðinn




Mynd 6. Georg skæringsson við seltumælingar í Sæheimum.

Samstarfsvetvangur

Þekkingarsetur Vestmannaeyja myndar samstarfsvetvang stofnana og fyrirtækja í rannsóknum, nýsköpun og öðru þekkingarstarfi í Vestmannaeyjum. Haldnir eru fundir með fulltrúum stofnana og fyrirtækja innan Þekkingarsetursins þar sem farið er yfir stöðu samstarfsverkefna og ný verkefni eða umssóknir ræddar.

Þrátt fyrir að markmið einstaka stofnanna innan Þekkingarseturs Vestmannaeyja geti verið ólík felast ýmsir möguleikar í samstarfi milli stofnananna og er gott samstarf forsenda þess að Þekkingarsetrið standi undir nafni sem öflugur klasi í rannsóknum og menntun í Vestmannaeyjum. Til að skerpa á samstarfinu hefur þessi samstarfsvetvangur fengið heitið Hugheimar og er orðinn hluti af stjórnskipulagi Þekkingarsetursins. Í lok árs 2009 var unnið að því að útbúa nýtt skipurit fyrir Þekkingarsetrið vegna sjávarrannsóknarstöðvar og samninga við Vestmannaeyjabæ um rekstur á Fiska- og náttúrugripasafni Vestmannaeyja. Nýtt skipurit var síðan tekið í notkun og samþykkt í stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja 8. febrúar 2010. Í hinu nýja skipurirti (Mynd 7) eru HUGHEIMAR teknir út og afmarkaðir sérstaklega þar sem um er að ræða samráðs- og umræðuvettvang fyrir starfsemi Þekkingarsetursins. Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur ekkert stjórnunarlegt vald yfir þeim stofnunum og fyrirtækjum sem taka þátt í Hugheimum.



Mynd 7. Nýtt skipurit Þekkingarseturs Vestmannaeyja. Samþykkt á stjórnarfund 8. Febrúar 2010.



Mynd 8. Þekkingarsetur Vestmannaeyja byggir á þeim mannauði sem er að finna innan stofnanna og fyrirtækja Setursins. Samstarf þessara aðila eykur fjölbreytni og gerir hverri einingu kleift að takast á við stærri og viðmameiri verkefni.

Þjónustuskrifstofa

Eins og sjá má á skipuriti er þjónustuskrifstofan veigmikill hluti af starfsemi Þekkingarsetursins. Tveir þjónustufulltrúar starfa á skrifstofunni í 1,2 stöðugildum. Opnunartími skrifstofunnar er frá 8:00 – 17:00 yfir sumartímann en til 17:30 yfir vetrartímann. Þá er opið í hádeginu allan ársins hring. Gerðar voru tilraunir með sumarlokunir á þjónustuskrifstofunni síðastliðið sumar og var lokað vikurnar fyrir og eftir þjóðhátíð. Reyndist þetta fyrirkomulag vel enda flest aðrar stofnir hússins einnig lokaðar eða með takmarkaða viðveru. Ákveðið hefur verið að sama fyrirkomulag verði í ár.


Verkefni þjónustuskrifstofunnar eru fjölmörg og eru fyrirferðamestu verkefnin gjarnan tengd Visku, fræðslu og símenntunarmiðstöð og nemendum sem nýta sér aðstöðu Þekkingarsetursins.

Dagleg umsjón skrifstofu, símsvörun og móttaka gesta er mikilvægut þáttur þjónustuskrifstofu en skrifstofan annast jafnframt skráningu á bókahaldi, launaútreikninga, viðskiptamannabókahald og innanhússpóstdreifingu.

Verkefni þjónustuskrifstofu eru m.a.:

- Móttaka viðskiptamanna, nema og gesta
- Símsvörun fyrir stofnanir og fyrirtæki

- Almenn aðstoð við starfsmenn
- Umsjón með fundaraðstöðu
- Umsjón með kaffiaðstöðu
- Móttaka og dreifing pósts
- Aðstoð við nemendur
- Sértek verkefni:
 - ☐ Skráning í námskeið
 - ☐ Umsjón með ráðstefnum
 - ☐ Skipulagning ráðstefna og málþinga
 - ☐ Bókahald fyrir stofnanir og fyrirtæki Setursins



Þekkingarsetur Vestmannaeyja
Strandvegur 50
900 Vestmannaeyjum
www.setur.is



Sjávarrannsóknamiðstöð

Á árinu 2009 var unnið að því að setja upp sjávarrannsóknamiðstöð í Vestmannaeyjum. Ákveðið var að fjárfesta í notuðum búnaði sem var í eigu Eldisstöðvarinnar Hlýra á Neskaupsstað en eldisstöðin hafði hætt störfum og allur búnaður stöðvarinnar til sölu. Búnaðurinn samanstendur af eldiskerum, dælum, sjólögnum, ljósavél og ýmsum öðrum búnaði sem tengdist eldinu. Framkvæmdastjóri Þekkingarsetursins fór austur á Neskaupsstað og kynntir sér búnaðinn og í kjölfarið var ákveðið að kaupa búnaðinn og flytja til Vestmannaeyja.

Ráðinn var starfsmaður frá júlí 2009 til að annast uppsetningu á aðstöðunni. Í fyrstu var gert ráð fyrir að um tímabundna vinnu væri að ræða til að annast uppsetningu á rannsóknarmiðstöðinni.

Sumarið 2009 var gerður leigusamningur til tveggja ára við Miðstöðina um leigu á 400 m² aðstöðu fyrir Sjávarrannsóknamiðstöð Þekkingarsetursins. Um er að ræða aðstöðu á annarri hæð Miðstöðvarinnar að Strandvegi 30. Hafist var handa við að setja upp aðstöðuna, sjóholur tengdar og eldisbúnaður sem keyptur var frá Hlýra ehf á Neskaupsstað komið fyrir að hluta. Einnig var búnaði Þekkingarsetursins sem notaður var til humarrannsóknna og staðsettur var í Eyjabergi komið fyrir í aðstöðunni. Ljósavél var sett upp og tengd við kerfið, og keyptir voru notaðir frysti- og kæliskápar og settir upp í aðstöðunni.

Öflugur rannsóknarbúnaður var keyptur í samstarfi við Háskóla Íslands. Tækin eru keypt með mótfamlagi frá RANNÍS en búnaður verður staðsettur í Sjávarrannsóknamiðstöðinni í Vestmannaeyjum. Um er að ræða tæki til að kortleggja botn (lögun og botngerð), fylgjast með atferli, mæla stærð fiskitorfa og almennar sjómælingar:

- BioSonic DT-X Split-beam transducer echosounder
- Sjómælar (eðlisþ., hiti, selta, turbulence og straumar)
- Hydrolab data sonde
- VEMCO V16P sonic transmitters with pressure/depth sensor

Sjóholur

Þrjár sjóholur eru við norður hluta hússins eða við gamla Viktarhúsið. Dýpsta holan hafði komið best úr mælingum og var hún tengd við kerfið og lagðar sjólagnir upp á aðra hæð hússins. Tvær öflugar miðflótttaafldsælur voru settar við sjóholuna, ein yfir daglega dælingu og önnur til vara.

Eftir að kerfið hafði verið í notkun í all nokkurn tíma komu fram nokkrar sveiflur í seltu. Sveiflurnar reyndust vera það umfangsmiklar að nauðsynlegt var að bæta úr. Því var ráðist í að dýpka holurnar. Ákveðið var að dýpka holuna niður í 30 metra og vegna vandamála sem komu upp við borunina reyndist nauðsynlegt að fórða holurnar niður á 28 m dýpi.

Framkvæmdin tókst vonum frammar og reyndust sjógæði batna til muna í holunni. Seltan fór úr 29‰ í 32‰ og eru sveiflur nær engar. Hitastigið fór úr rúmlega 10,8°C í 7,8°C.

SÆHEIMAR, fiskasafn

Haustið 2009 gerði Þekkingarsetur Vestmannaeyja samning við Vestmannaeyjabæ um rekstur á Fiska- og náttúrugripasafni Vestmannaeyja. Markmið samningsins er að ná fram hagræðingu með samnýtingu á starfsfólki og tækjakosti og um leið móta framtíðarsýn fyrir safnið og sjávarrannsóknamiðstöðina í sameiginlegu húsnæði. Vestmannaeyjabær hefur nú keypt húsnæði Miðstöðvarinnar og stefnt er á að þar rísi nýtt fiskasafn og sjávarrannsóknamiðstöð.



Myndir 9-10. Framkvæmdir við sjóholur norðan við viktahúsið.

Ráðstefnur og málþing

Þekkingarsetrið stóð fyrir fjölmörgum viðburðum þar sem fyrirlesarar og gestir komu víða að og voru viðburðirnir almennt vel sóttir.

Stefnumót atvinnulífs og þekkingarseturs.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja bauð fulltrúum atvinnulífsins og almenningi á opinn vinnufund þann 9. febrúar 2009 kl. 17.00 í Alþýðuhúsinu. Markmiðið með fundinum var að kynna almenningi og fulltrúum atvinnulífsins í Vestmannaeyjum fyrir starfsemi þekkingarseturs Vestmannaeyja. Jafnframt voru settir upp umræðuhópar þar sem ræddar voru hugmyndir að verkefnum og hvernig slíkar hugmyndir geta orðið að veruleika.

Þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja, í samvinnu við fjölmarga aðila á landinu stóð fyrir ráðstefnu sem bar heitið, Þátttaka atvinnulífsins í rannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi. Ráðstefnan var haldin í Vestmannaeyjum, föstudaginn 8. maí 2009 frá kl. 9 -16. Ráðstefnurit með minnispunktum og samantekt var gefið út eftir ráðstefnuna og sent á alla þátttakendur. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um ráðstefnuna á heimasíðu PSV.

Málþing um auðlindastýringu og fyrningarleið ríkisstjórnarinnar.

Málþingið var haldið í Höllinni í Vestmannaeyjum þann 4. júní 2009. Vel var mætt á málþingið eða um 200 manns og fjölmargir ofan af landi. Málþingið hófst kl. 13:20 og stóð til kl. 17:30. Hægt er að nálgast allar upplýsingar um ráðstefnuna á heimasíðu PSV.



Myndir 11. Hægt er að nálgast helstu viðburðina á heimasíðu PSV.



Myndir 12-13. Málþingsgestum var boðið upp á bátsferð fyrir málþingið. Góð mæting var í Höllina.

Verkefni

Fjölmörg verkefni voru unnin á árinu 2009, ýmist voru það langtíma verkefni eða verkefni til skemmri tíma. Ekki verður farið nákvæmlega ofan í hvert verkefni hér heldur er/verður hægt að nálgast upplýsingar um verkefnið á heimasíðu PSV (www.setur.is).

Handritin Heim er verkefni sem Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur umsjón yfir. Áætlað er að verkefninu ljúki 2010 (sjá nánar síðar).

CRUSTASEA verkefnið er evrópuverkefni sem hefur verið unnið að miklu leyti af framkvæmdastjóra PSV og í samstarfi við fleiri stofnanir í Setrinu. Verkefninu lauk formlega í loka árs 2009.

Önnur verkefni eru t.d. Lunda- og sandsílarannsóknir, Móttökustöð lifandi sjávardýra, Athuganir á síldartorfu í Vestmannaeyjhöfn, þátttaka í háhyrningarannsóknum.

Þekkingarsetur Vestmannaeyja
Strandvegur 50
900 Vestmannaeyjum
www.setur.is



Handritin heim

Upphafið má rekja til þess að Viðar Hreinsson, þáverandi framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar, kom að máli við undirritaðan á vormánuðum 2006 og hvatti hann til að sækja um hjá IMPRU-nýsköpunarsjóði vegna Átaks til atvinnusköpunar. Ég ákvað strax að reyna að finna nýjan flöt á rannsóknum mínum á íslenskum handritum þar sem nýsköpun væri í lykilhutverki. Mér varð hugsað til orða Sigurðar Nordals er hann ræðir um mikilvægi handritanna fyrir landið allt og segir eitthvað á þá leið að það þurfi að færa sveitum landsins aftur á prenti það sem af þeim var tekið í rituðu máli. Úr þeim orðum spratt verkefnið Handritin heim.

Meginmarkmið þess er að skilgreina sóknarfæri tiltekinna landshluta með atvinnuskapandi menningartengda ferðapjónustu að markmiði. Hugmyndafræðin er að draga fram það sem telst sérstætt við hinn tiltekna stað: hvað það er í handritunum sem tengist viðkomandi svæði og telst þess virði að endurvekja eða vinna skýrar úr í héraði með margvíslegum skapandi nýjum hætti í samstarfi fræðimanna og heimamanna. Meginspurningarnar hvað einstaka staði varðar eru:

- Hvaða vannýttu sóknarfæri á sviði menningararfs er þar að finna?
- Hvaða skref þarf að stíga til að breyta sóknarfærum í atvinnuskapandi tækifæri?
- Hvernig á að breyta atvinnuskapandi tækifæri í langtíma atvinnustarfsemi?

Skemmst er frá því að segja að verkefnið hlaut eina milljón í styrk frá IMPRU og í framhaldinu mikinn velvilja hjá hinu opinbera. Ég fann hins vegar fljótt fyrir því að mörgum þótti mikilvægt að verkefninu væri stýrt á sýnilegan hátt á landsbyggðinni. Því varð að ráði að ég þáði tilboð Elliða Vignissonar bæjarstjóra í Vestmannaeyjum um aðstoð við fjármögnun verkefnisins gegn því að fjölskyldan flyttist til Eyja. Um leið var ákveðið að verkefnið yrði vistað undir merkjum Þekkingarseturs Vestmannaeyja í samstarfi við ReykjavíkurAkademíuna í formi rannsókna, fyrirlestra, ráðstefna, sýninga, o.s.frv. Jafnframt var samið við Sparisjóð Vestmannaeyja og Vestmannaeyjabæ um stuðning til að koma verkefninu vel af stað.

Á miðju ári 2007 varð sú breyting á högum verkefnisstjóra að hann var ráðinn forstöðumaður Bókasafns Vestmannaeyja í 80% starfshlutfalli. Síðan þá hefur hann unnið að verkefninu í 20% starfshlutfalli en ekki í 100% starfi eins og upphaflega hafði verið gert ráð fyrir.

Verkefnið hófst formlega 1. janúar 2007 og lýkur 31. desember 2010. Á árinu 2006 var unnin margvísleg undirbúningsvinna. Samtals hafa komið að verkefninu um 10 einstaklingar í lengri eða skemmri tíma. Það hefur hlotið röskar 20 milljónir í styrk, þar af um 17 milljónir frá fjárlaganefnd alþingis.

Í nóvember 2010 verður haldin vegleg ráðstefna þar sem meginniðurstöður verða kynntar og dregin upp áætlun til næstu 2-3 ára um úrvinnslu verkefnisins, m.a. í samstarfi við tiltekna staði á landsbyggðinni. Standa vonir til að undir lok þess tíma verði verkefnið orðið sjálfbært, þ.e. skili nægum tekjum til að standa undir rekstrarkostnaði.

Meginvinnan undanfarin 4 ár hefur verið að byggja upp gagnagrunn verkefnisins. Þar eru nú

- Um 40.000 efnisatriði úr handritum sem vísa á einstaklinga og/eða staði um landið.
- Tæp 20.000 nöfn einstaklinga sem tengjast handritum með einum eða öðrum hætti og draga saman upplýsingar um tæplega helming viðkomandi.
- Um 2.000 staðir hafa verið skilgreindir vítt og breitt um landið sem staðir sem tengjast íslenskri handritamenningu og er þá búið að tengja handrit og/eða nafngreindan einstakling við viðkomandi stað.
- Rösk 250 handrit sem tengjast Vestmannaeyjum sérstaklega og hefur hluti þeirra verið ritaður upp á tölvutækt form. Má í því sambandi nefna uppskriftir á handritum sr. Guðmundar Högnasonar í Kirkjubæ er ritaði fjölmörg handrit og þótti á sínum tíma einn merkasti klerkur sunnan heiða, samanburður handrita að Reisubók Ólafs Egilssonar og uppskriftir og rannsóknir á kveðskap sr. Jóns Þorsteinssonar er auðkenndur hefur verið píslarvottur.

Á næstu árum er mikilvægt að virkja samstarf Þekkingarseturs Vestmannaeyja við ReykjavíkurAkademíuna og að vekja með þeim hætti áhuga á þeim möguleikum sem söfn og setur um allt land hafa til að vinna úr einstökum menningararfi viðkomandi héraðs. Má í því samhengi vísa á starfsemi Söguseturs 1627 sem *Handritin heim* hafa verið virkir þátttakendur í frá upphafi.

Ætlunin er að eiga aðkomu að slíku samstarfi viðar um land á komandi árum.



Kári Bjarnason

Ársreikningur

Ársreikningur er unninn af Deloitte hf. og verður lagður fyrir ársfund félagsins til samþykktar (sjá fylgirit). Hér að neðan er skýrsla stjórnar fengin úr ársreikningi.

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. fyrir árið 2009 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hagnaður Þekkingarseturs Vestmannaeyja á árinu 2009 nam kr. 4.183.953 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 68.661.583, bókfært eigið fé í árslok er kr. 22.798.361 og er eiginfjárhlutfall félagsins 35%. Í lok ársins voru stofnaðilar í félaginu 35.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Þekkingarseturs Vestmannaeyja að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og framkvæmdastjóri Þekkingarseturs Vestmannaeyja staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2009 með undirritun sinni.



Mynd 14. Mynd sem sýnir viðbrögð heilbrigðs humars við meðhöndlun (CRUSTASEA).